

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, miðvikudaginn 16. september kl. 15:30, var haldinn 132. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Björn Jón Bragason og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Laugardals, Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á PLH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir fyrsta dagskrárlið voru Lilja Grétarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir.

Þetta gerðist:

- 1) Staða mála varðandi Sigtún 38 – 40.

Gestir fundarins eru:

Lilja Grétarsdóttir, arkitekt á Umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar
Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri á Skóla- og frístundasviði

- Kl. 15.50 Kristín Elfa Guðnadóttir mætir á fundinn

Fyrir fundinum liggja fjölmargar athugasemdir íbúa við uppbyggingu í Sigtúni 38-40. Lilja Grétarsdóttir kynnti drög að svörum við athugasemdunum. Hildur Björk kynnti nýja áætlun um fjölgun nemenda í leik- og grunnskólum.

- Kl. 16:30 Hildur Björk Svavarsdóttir víkur af fundinum.

- 2) Engjateigur 7 – lagt fram erindi frá umhverfis – og skipulagssviði með ósk um umsögn hverfisráðs Laugardals við fyrirspurn Ístaks h.f. um deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina. Byggingin við Engjateig 7 var upprunalega hönnuð sem höfuðstöðvar Ístaks en fyrirhugað er nú að breyta byggingunni og starfsemi á lóð hennar þannig að bandaríska sendiráðið verði þar til húsa.

- Kl. 16:50 Lilja Grétarsdóttir víkur af fundinum.

Hverfisráð telur verulega annmarka á því að fyrirhuguð sendiráðsbygging verði með þeim hætti sem kynnt hefur verið í gögnum með ósk um deiliskipulags-breytingu. Ljóst er að há víggirðing fellur illa að ásýnd hverfisins og götumyndinni. Hverfisráðinu þykir einsýnt að boðað verði til íbúafundar áður en málið fer lengra.

- 3) Hugmyndir um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu sem var frestað á síðasta fundi. Formanni falið að móta umsögn, senda ráðsmönnum drög og leggja fyrir næsta fund ráðsins.
- 4) Umsögn hverfisráðs um skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar frá 30. júní 2015 sem frestað var á síðasta fundi.

Hverfisráð samþykkir eftirfarandi umsögn:

Við fögnum því að þessi skýrsla hafi verið unnin og teljum að það sé afar mikilvægt að fylgst sé með þjónustuveitingu borgarinnar með skipulegum og reglubundum hætti. Skýrslan er gagnleg með tilliti til þeirra upplýsinga sem þar er að finna. Í skýrslunni er þó ýmislegt gagnrýnivert. Sérstaklega viljum við undirstrika skort á samræmi og heildaryfirsýn yfir þjónustuveitingu, þörf á því að móta þjónustustefnu og að þjónustuveiting miðist nú frekar við skipulag fagsviða en þarfir íbúa. Telur ráðið mikilvægt að hlustað verði sérstaklega á raddir íbúa á öllum stigum stefnumótunarinnar og að þeir verði þar virkir þátttakendur. Við tökum undir það sem fram kemur í skýrslunni að svo virðist sem að fólk þurfi að hafa verulega góða innsýn

í stjórnskipulag borgarinnar til að vita hvert það eigi að leita með sín erindi. Við teljum að ekki sé næg áhersla lögð á hversu mikið grundvallaratriði það er að þjónustan mæti þörfum íbúanna. Til þess að svo megi verða þarf að rannsaka og greina betur þarfirnar. Við teljum að gagnlegt sé að setja fram þær fimm sviðsmyndir til framtíðar sem settar eru fram í skýrslunni. En teljum jafnframt að það vanti verulega upp á rökstuðning með því hvers vegna starfshópurinn gerir hina svokölluðu blönduðu leið að tillögu sinni um framtíðarskipulag. Og við teljum að það verulega varhugavert að leggja slíkt til miðað við þær afar takmörkuðu upplýsingar og gögn sem þar liggja að baki. Þess vegna tökum við ekki afstöðu til sviðsmyndanna og teljum að mun ítarlegri vinna og greining þurfi að eiga sér stað til að slíkt sé hægt.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks situr hjá við þessa umsögn.

- 5) Umsögn um drög að skýrslu stýrihóps um leiðakerfisbreytingar vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit.
Hverfisráð samþykkir eftirfarandi bókun:

Svo virðist að ekki standi til hjá stýrihópnum að halda íbúafund og lýsir hverfisráð yfir óánægju með þá ákvörðun. Hverfisráð mun leita eftir því við hagsmunaaðila í hverfinu að halda opinn íbúafund þar sem þessar breytingar sem koma fram í skýrslunni verða kynntar og ræddar. Ljóst er að með breytingu á leið 14, sem er lykilleið í hverfinu, er um mikla þjónustuskerðingu að ræða.

- 6) Diljá Ámundadóttir hefur tekið sæti Ingu Maríu Leifsdóttur sem varamaður BF í ráðinu.

Næsti fundur verður haldinn 19. október í Efstaleiti 1.

Fundi slitið kl. 18.18

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Björn Jón Bragason (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)
Bjarni Jónsson (Sign)